

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðhluta Húsavíkurhafnar.

Bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir miðhluta Húsavíkurhafnar. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Svæðið takmarkast af Garðarsbraut í austri, hafnarbakka í vestri, Naustagili í norðri og Árgili í suðri.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Byggingarfultrúinn á Húsavík, 4. mars 1998.*

**Gaukur Hjartarson.**

26. febrúar 1998

Nr. 140

## REGLUR

### um áfyllingastöðvar fyrir gashylki.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

1. Reglur þessar gilda um fyrirtæki sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Í reglunum er kveðið á um þær ráðstafanir sem gera ber til að tryggja öryggi við gasáfyllingu og koma í veg fyrir hættu sem kann að skapast við áfyllingu gashylkja eða vegna gallaðra gashylkja.

3. Reglurnar gilda um áfyllingastöðvar sem fylla á hylki með:

- Samanþjöppuðum lofttegundum eins og súrefni ( $O_2$ ), köfnunarefni ( $N_2$ ), argon (Ar) og öndunarlofti.
- Fljótandi lofttegundum undir þrýstingi eins og F-gasi (própan/bútan), kolsýru ( $CO_2$ ) og díköfnunarefnisoxíði (glaðloft) ( $N_2O$ ).
- Lofttegundum, sem undir þrýstingi eru uppleystar í vökva, eins og asetýleni ( $C_2H_2$ ) uppleystu í acetóni.

4. Reglurnar gilda fyrir hylki með rúmtaki frá 0,01 lítra til allt að 150 lítra og ytra þvermáli allt að 420 mm og lengd allt að 2000 mm.

5. Reglurnar gilda ekki um áfyllingu handslökkvitækja. Um það efni gilda reglur Brunamálastofnunar ríkisins.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum merkja:

- Samanþjappaðar lofttegundir:* Lofttegundir þar sem markhiti fer ekki yfir  $-10^\circ C$  ( $tk \leq -10^\circ C$ ).
- Lofttegundir í vökvaástandi:* Lofttegundir þar sem markhiti er hærri en  $-10^\circ C$  ( $tk > -10^\circ C$ ).